

REGLUGERÐ um tollafgreiðslugjald.

1. gr.

Greiða skal í rikissjóð tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Gjaldið skal fyrir hverja tollafgreiðslu annað hvort vera

1. hlutfall af tollverði innfluttrar vöru skv. 2. gr. eða
2. tiltekin fjárhæð fyrir hverja tollafgreiðslu skv. 3. gr.

Vörur sem tilgreindar eru í 4. gr. eru undanþegnar tollafgreiðslugjaldi og skal tollverð þeirra dregið frá heildartollverði vörusendingar áður en tollafgreiðslugjald er ákveðið skv. 2. eða 3. gr.

Hafi vörusending verið sett í tollvöruhegrymslu skal 1% tollafgreiðslugjald ákveðið skv. 2. gr., eingöngu greitt af tollverði þeirra vara sem 1% gjaldið hvílir á og tollafgreiddar eru hverju sinni úr tollvöruhegrymslu, en ekkert tollafgreiðslugjald skal innheimt af þeim vörum úr sömu vörusendingu sem gjaldskyldar eru skv. 3. gr. Hafi tollafgreiðslugjald af vörusendingu sem sett er í tollvöruhegrymslu hins vegar verið ákveðið skv. 3. gr. skal það greitt við tollafgreiðslu úttektar hverju sinni í hlutfalli við verðmæti úttektar af gjaldskyldri vöru úr sendingunni en þó skal innflytjanda heimilt að greiða það í einu lagi við fyrstu úttekt.

2. gr.

Af öllum innfluttum vörum, öðrum en þeim sem um ræðir í 3. gr. eða undanþegnar eru tollafgreiðslugjaldi skv. 4. gr., skal greiða 1% tollafgreiðslugjald. Gjaldið skal lagt á tollverð innfluttrar vöru og gilda um ákvörðun tollverðs ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

Nú nemur tollafgreiðslugjald, ákveðið skv. 1. mgr. þessarar greinar, lægri fjárhæð en tollafgreiðslugjald eins og það er ákveðið skv. 3. gr. og skal þá greiða tollafgreiðslugjald af vörum sem tilgreindar eru í aðflutningssskýrslu samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Séu vörur sem tollafgreiða skal samkvæmt aðflutningssskýrslu ýmist gjaldskyldar skv. 2. eða 3. gr. skal 1% tollafgreiðslugjald skv. 1. mgr. þessarar greinar greitt af tollverði þeirra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt þessari grein, enda nái tollafgreiðslugjald þannig ákveðið lágmarksfjárhæð tollafgreiðslugjalds eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 3. gr. Að öðrum kosti skal tollafgreiðslugjald ákveðið skv. 3. gr.

3. gr.

Af eftirtöldum vörum skal við tollafgreiðslu greiða 200 kr. tollafgreiðslugjald, en sé tollverð þeirra samtals innan við 5 000 kr. skal greiða af þeim 50 kr., sbr. þó 3. mgr. 1. gr. að því er varðar vörusendingar sem settar hafa verið í tollvöruhegrymslu:

1. Vörur sem falla undir I—IV flokk 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, þó skal undanþiggja hráefni til brauð-, sælgætis- og kexgerðar gjaldi samkvæmt þessari grein og skulu um niðurfellingu tollafgreiðslugjaldsins gilda ákvæði 2. gr. auglýsingar nr. 577/1980.
2. Skipum, sbr. þó 5. tl. 4. gr., og flugvélum.
3. Flugvélaeldsneyti, gasolíu og brennsluolíu.

4. gr.

Undanþegnar tollafgreiðslugjaldi skv. 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar eru eftirtaldar vörur:

1. Vörur sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr., 1.—5. tl., 42. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og bifreiðar sem tollmeðferð hljóta skv. 10. tl. 3. gr. tollskrárlaga og endursendar eru úr landi.
2. Vörur sem við innflutning eru tollfrjálsar skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, án tillits til uppruna og ekki eru vörugjalds skyldar skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, þó ekki vörur sem um ræðir í 1. tl. 3. gr. að undanskildum aðföngum til iðnaðar sem þar um ræðir.
3. Vörur sem við innflutning eru undanþegnar tolli og/eða sérstöku tímabundnu vörugjaldi skv. 11., 12., 17. og 21. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1980 um breyting á lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.
4. Vörur til álbræðslunnar í Straumsvík, járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og Áburðarverksmiðju ríkisins sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum samkvæmt ráðuneytisbréfum, dags. 6. júní 1967, 7. nóvember 1978 og 15. nóvember 1978.
5. Vörur sem upprunnar eru í aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu og Efnahagsbandalagi Evrópu og við tollafgreiðslu eru undanþegnar tolli samkvæmt E-dálki 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum eða undanþegnar eru tolli skv. 13. tl. 3. gr. sömu laga, enda séu við tollafgreiðslu vara þessara uppfyllt skilyrði auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni. Sama skal gilda um vörur sem undanþegnar voru tolli fyrir 1. janúar 1980 skv. 6. tl. 3. gr. tollskrárlaga að uppfylltum öðrum skilyrðum þessa töluliðar.
6. Vörur sem tollmeðferð hljóta samkvæmt ákvæðum II—IV kafla laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. svo og vörur sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum við innflutning skv. 8. gr. viðbættis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu Bandaríkjanna og eignir þeirra, sbr. lög nr. 110/1951.
7. Sendingar sem heimilt er að afhenda viðtakendum án útgáfu aðflutningsskýrslu svo og sendingar sem eru að tollverðmæti 250 kr. eða minna og fluttar eru inn af viðkomandi til eigin nota en ekki í atvinnuskyni.

Af öðrum vörum skal greiða tollafgreiðslugjald skv. 2. og 3. gr.

5. gr.

Tollafgreiðslugjald samkvæmt reglugerð þessari skal ekki teljast gjaldstofn við útreikning á sérstöku vörugjaldi sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, en það myndar hins vegar stofn til söluskatts.

6. gr.

Innflytjendum, sem heimild hafa til að greiða aðflutningsgjöld af efni til skipasmíða og viðgerða með skuldarviðurkenningu, sbr. ráðuneytisbréf, dags. 14. jan. 1980, skal jafnframt heimilt að greiða tollafgreiðslugjald af sömu vörum með skuldarviðurkenningu ásamt aðflutningsgjöldum.

Reglur um endurgreiðslu tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða sem settar eru samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda um framkvæmd endurgreiðslu tollafgreiðslugjalds, eftir því sem við getur átt, m. a. lágmarksfjárhæð endurgreiðslubeiðni með þeim leiðréttingum sem leiðir af 2. málsl. þessarar málsgreinar. Heildarendurgreiðsluhlutfall vegna nýsmíði skipa og báta skal vera 0,25% vegna álagningar tollafgreiðslugjalds sem endurgreitt skal með sama hætti og tollur og eftir því sem við verður komið í þeim áföngum sem þar greinir. Af efni, vélum og tækjum til skipaviðgerða skal tollafgreiðslugjaldið endurgreitt að fullu samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu.

7. gr.

Tollafgreiðslugjald skv. 2. og 3. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og gilda um innheimtu og lögvernd þess, ákvæði laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 56/1982 um sama efni svo og reglugerð nr. 57/1982 um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 880,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 310,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 310,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 310,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	.. — 65,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 400,00
7. Fyrir fjármark	— 78,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	.. — 45,00